

UPPLÝSINGAR UM BARNAEFNI HJÁ RÚV OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS.

Hér á eftir koma fram tölur um útsent barnaefni hjá RÚV á árunum 2001, 2002 og 2003. Tölurnar eru unnar upp úr skýrslum frá RÚV sem fengust hjá stofnunni en höfundur hefur því miður ekki lengur undir höndum enda var efnið unnið fyrir fyrirlestur sem fluttur var 2004 og ekki ætlað sem opinberar tölur. Grein um stöðu barnaefnis, sem byggir að hluta á þessum sömu tölum birtist, í Tímariti Máls og menningar á vordögum 2005.

Einnig skal tekið fram að hér er um tölur um útsendan mínútu fjölda að ræða en einnig er full ástæða til að ræða einnig innihald og framsetningu þess barnaefnis sem (ekki) er framleitt.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2001

Leikið efni (Jóladagatal o.fl)	02:03 klst.
Teiknað efni / Brúður	00:00 klst.
Annað	35.34 klst.
(Stundin okkar/Spirall)	

Heildar klukkustundafjöldi	37:37 klst.
Af því endurtekið efni	18:29 klst.

Frumstýnt ísl. barnaefni 2001 að meðtalinni Stundinni okkar 19:07 klst. Það gera 22 mínútur á viku eða rétt rúmlega 3 mínútur á dag.

Árið 2001 var framleidd 1 kvikmynd fyrir börn, Regína.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2002

Leikið efni (Jóladagatal?)	04:50 klst.
Teiknað efni / Brúður	01:24 klst.
Annað	236:11 klst.
(Stundin okkar 29:22 klst., Morgunstundin okkar 195:05)	

Heildar klukkustundafjöldi	242:26 klst.
Af því endurtekið efni	40:39 klst.

Sú mikla klukkustundaaukning sem orðið hefur á milli árána 2001 og 2002 er til komin vegna Morgunstundarinnar okkar, en í þeim þætti eru erlendar teiknimyndir skeyttar saman með kynningum á íslensku. Því flokkast þátturinn sem "Íslenskt barnaefni". Án Morgunstundarinnar okkar er hlutur frumsýnds íslensks barnaefnis hjá RÚV 35:58 fyrir árið 2002. Það gera u.þ.b. 41 mínúta á viku eða tæplega 6 mínútur á dag.

Árið 2002 var engin kvikmynd fyrir börn framleidd.

Íslenskt barnaefni hjá RÚV árið 2003

Leikið efni (Jóladagatal?)	29:49 klst.
Teiknað efni / Brúður	05:54 klst.
Annað (Stundin okkar/Spíral)	52:39 klst.

Heildar klukkustundafjöldi	88:23 klst.
Af því endurtekið efni	<u>45:19 klst.</u>

Frumstýnt ísl. barnaefni 2003 að meðtalinni Stundinni okkar og Morgunstundinni okkar 43:06 klst. Það gera u.þ.b. 50 mínútur á viku eða rétt rúmlega 7 mínútur á dag.

Árið 2003 var framleidd 1 kvikmynd fyrir börn, Didda og dauði kötturinn. Engin kvikmynda fyrir börn hefur verið framleidd síðan Didda og dauði kötturinn var gerð og skv. upplýsingum á vef Kvikmyndamiðstöðvar er ekki virkt viljrði um framleiðslustyrk vegna kvikmyndar fyrir börn.



Árið 2002 voru 8 kvikmyndir fyrir börn framleiddar í Noregi.

Dönsku kvikmyndastofnuninni er gert að úthluta 25% af framleiðslufé sínu til barna- og unglingsæfnis.

BBC 1 sýnir 400 klst. af barnæfni á ári
BBC 2 sýnir 100 klst. af barnæfni á ári
Cbeebies* sýnir 4.500 klst. af barnæfni á ári
CBBC** sýnir 2.075 klst. af barnæfni á ári
Samtals sýnir breska ríkissjónvarpið um 7.075 klst. af barnæfni á ári, um 20% af því eru endursýningar. 75% af öllu barnæfni hjá BBC, eða 5.306 klukkustundir ár ári er innlend framleiðsla.

*Cbeebies er önnur af tveim stafrænum barnastöðvum BBC og er ætluð áhorfendum á aldrinum 0 – 5 ára. 90% af efni stöðvarinnar er upprunnið af UK/EU svæðinu, 80% efnisins er framsýnt og 75% er nýframleitt breskt sjónvarpsefni.

**CBBC er önnur af tveim stafrænum barnastöðvum BBC og er ætluð áhorfendum á aldrinum 6-12 ára og sýnir leikið efni, skemmtiefni, fréttir ætlaðar börnum og skólaefni.



Upplýsingar þessar eru teknar saman af Kristínu Atladóttur, kvikmyndaframleiðanda og meistaraneima í nýsköpunarfræðum. Rangfærslur sem í tölum kunna að finnast eru á hennar ábyrgð og stafa af flókinni uppsetningu gagna frá RÚV.